

verður ekki talið að umrætt samningsákvæði heimili, að hlutur 18. mannsins sé tekinn af óskiptum afla. Skiptir því ekki máli, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, hvort skipshafnirnar hafa samþykkt ráðningu hans á skipin, og ber því að greiða hans hlut af aflahlut útgerðarmannsins. Úrslit málsins verða því þau, að til greina verður tekin þrautavarakrafa stefnda, þó þannig, að ekki verður fallið á kröfu hans um 2000 króna frádrátt af óskiptum afla fyrir umsjón og reikningshald útgerðarinnar, því eins og stefnandi hefur haldið fram, verður ekki talið, að heimild til slíks frádráttar sé í oftnefndum kjarasamningi, né heldur hefur honum verið fundinn annar staður.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sigfúsi Þorleifssyni, ber að gera þannig upp við skipverja þá, er stunduðu sildveiðar með herpinót á bátum hans, Baldri og Björgvin, sumarið 1940, að 37% af brúttó afla nefndra báta sé skipt í 16 staði er hlutur 17. skipverjans hefur verið tekinn af óskiptum afla, en 18. skipverjanum greiði stefndi af hluta sínum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 17. júní 1942.

Nr. 2/1942. Steingrímur Aðalsteinsson

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akureyrar.

Verklýðsfélag sektað fyrir brot á 2. gr. l. nr. 80/1938 og skyldað til þess að veita verkamanni félagsréttindi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi, með stefnu 13. apríl s. l., af Steingrími Aðalsteinssyni, verkamanni, á Akureyri gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akureyrar. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að þau ákvæði í 3. gr. laga fyrir Verklýðsfélag Akureyrar.

að óheimilt sé að taka menn inn í félagið, sem eru í öðru stéttarfélagi í sömu starfsgrein, verði ómerkt, að því er hann varðar:

að Verklýðsfélag Akureyrar verði skyldað til þess að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi í félaginu, þar með réttindi til setu á félagsfundum, málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt, ásamt öllum vinnuréttindum, samkv. taxa og samningum félagsins;

að Verklýðsfélag Akureyrar verði dæmt í sekt fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938;

að stefndur verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum og grundvallar dómkröfur sínar á því, að hann, sem sé verkamaður á Akureyri, hafi hvað eftir annað sótt um inngöngu í Verklýðsfélag Akureyrar, en ávallt verið synjað hennar. Síðast hafi slíkri beiðni frá sér verið synjað 8. febrúar s. l. Rétt sinn til inngöngu í nefnt félag byggir hann á þeim ákvæðum 2. gr. laga nr. 80 frá 1938, að stéttarfélög skulu vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Telur hann, að það inntökuskilyrði 3. gr. samþykktu Verklýðsfélags Akureyrar, að innsækjandi sé ekki í öðru verklýðsfélagi, brjóti í bág við ákvæði 2. gr. ofanefndra laga og verði því ekki beitt gegn sér, enda þótt hann sé meðlimur í öðru verklýðsfélagi í sömu starfsgrein á Akureyri. Lífsviðurværis kveðst stefnandi afla sér með alls konar verkamannavinnu. Heldur hann því fram, að Verklýðsfélag Akureyrar hafi með synjun sinni, um að veita honum inngöngu í félagið, brotið ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938, og eigi það því að sæta sektum samkvæmt þeim lögum.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að verklýðsfélagin ráði því að allmiklu leyti sjálf, og geti, samkv. 2. gr. laga nr. 80/1938, sett um það ákvæði í samþykktir sínar, hverjum þau veita inngöngu í félagsskapinn. Verklýðsfélagi Akureyrar sé því rétt, að setja það að skilyrði fyrir inngöngu í það félag, að innsækjandi sé ekki í öðru verklýðsfélagi á staðnum. Nú sé stefnandi í öðru verklýðsfélagi á Akureyri og hafi hann því engan rétt til þess, að krefjast inn-

göngu í félagsskap stefnda. En auk þess beri á það að líta, að stefnandi eigi enga hagsmuni við það bundna, að hljóta félagsréttindi í Verklýðsfélagi Akureyrar. Það félag hafi enga sérsamninga við atvinnurekendur og sama kaup gildi fyrir bæði verklýðsfélögin. Stefnandi njóti að öllu leyti fullra vinnuréttinda á staðnum sem væri hann meðlimur í félagsskap stefnda, muni svo verða framvegis, og geti því ekki orðið neitt betur settur, þó hann fengi inngöngu í félagið. Þá telur stefndi, að þó svo yrði litið á, að þátttaka stefnanda í félagsskap annars verklýðsfélags yrði ekki talin því til fyrirstöðu, að stefnda væri skylt að veita honum full félagsréttindi, þá verði stefnandi að sýna fram á, að það skipti hann máli fjárhagslega, að verða nú meðlimur í Verklýðsfélagi Akureyrar, því það væri skilyrði til þess að verkamenn ættu heimtingu á inngöngu í stéttarfélög samkv. 2. gr. laga nr. 80/1938. En eins og hann hefði þegar tekið fram væri þetta skilyrði ekki fyrir hendi og bæri því að hrinda öllum kröfum stefnanda.

Því hefur verið hreyft í máli þessu, að vafi gæti á því leikið, hvort stefnandi væri verkamaður í þeim skilningi að starfi hans gæfi honum rétt til þess að krefjast inngöngu í Verklýðsfélag Akureyrar, sem er félagsskapur fólks, sem stundar almenná verkamannavinnu. Það er upp komið í málinu, að stefnandi, sem ekki hefur notið neinn sérstakrar menntunar eða hlotið nein iðnréttindi, hefur, a. m. k. síðari hluta fyrra árs, stundað algenga verkamannavinnu, en frá s. l. áramótum hefur hann stundað trésmíðavinnu sem ófaglærður verkamaður hjá hinu erlenda setuliði hér. Það verður því ekki talið, að störf stefnanda séu því til fyrirstöðu, að hann geti krafizt inngöngu í Verklýðsfélag Akureyrar.

Eins og áður er fram komið í dómi félagsdóms frá 25. sept. 1939 í málinu nr. 7/1939, verður ekki talið, að réttur verkafólks samkv. 2. gr. laga nr. 80/1938 til þess að krefjast inngöngu í stéttarfélag í starfsgrein þess, sé því skilyrði bundinn, að það sé ekki í öðru verklýðsfélagi í sömu starfsgrein á sama stað. Tilgangur löggjafans með þessu ákvæði virðist vera sá, að tryggja verkamönnum það, að afkomu- og atvinnumöguleikum þeirra geti ekki orðið spillt með því, að láta það vera að öllu leyti komið undir geðþótta verklýðsfélaganna, hverjum þau veiti viðtöku í félagsskap sinn. Og þótt

stéttarfélagin séu fleiri en eitt í sömu starfsgrein, getur það skipt einstaka verkamenn miklu að geta verið í fleirum en einu þeirra, meðal annars vegna samninga stéttarfélaganna um forgangsrétt að vinnu hjá atvinnurekendunum. Það skilyrði 3. gr. samþykktu Verklýðsfélags Akureyrar, að innsækjandi megi ekki vera í öðru verklýðsfélagi, brýtur því í bág við 2. gr. nefndra laga og getur því ekki haft gildi gagnvart stefnanda máls þessa er hann nú sækir um inngöngu í það. Þá er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að skylda hans, til þess að veita stefnanda full félagsréttindi, sé ekki fyrir hendi vegna þess, að stefnandi eigi nú sem stendur enga hagsmuni undir því, hvort hann sé meðlimur í Verklýðsfélagi Akureyrar eða ekki. Réttur verkafólks, samkv. 2. gr. laga nr. 80/1938, til inngöngu í stéttarfélagin, er almennur réttur, sem ekki verður bundinn því skilyrði, að umsækjandi hafi beinlínis fjárhagslegra hagsmuna að gæta, t. d. vegna samninga viðkomandi félags við atvinnurekendur, á því augnabliki, sem hann æskir inngöngu. Því auk þess, sem slík aðstaða getur ávallt skapast, þá felst og í þessum lögverndaða rétti verkamannsins samkv. 2. gr. nefndra laga réttur til þess, að geta með starfsemi sinni í viðkomandi félagi haft þau áhrif á starfsemi félags síns, er leiða megi til hagsbóta fyrir hann.

Samkvæmt framansögðu hefur Verklýðsfélag Akureyrar gerzt brotlegt við 2. gr. laga nr. 80/1938 með því að neita stefnanda um inngöngu í félagið, og verður því að sæta viðurlögum fyrir það. Þykja þau hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 100.00 í sekt til rikissjóðs. Þá ber og að skylda nefnt félag til þess að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi, svo sem hann hefur gert kröfu til.

Eftir þessum málsúrslitum þykir verða að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Verklýðsfélag Akureyrar greiði kr. 100.00 í sekt til rikissjóðs. Þá skal því og skylt að veita stefnanda, Steingrími Aðalsteinssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndur, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Akureyrar, greiði stefnanda kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi fullnægir ekki því upptökuskilyrði Verklýðsfélags Akureyrar, að vera ekki meðlimur í neinu öðru stéttarfélagi á félagssvæðinu, með því að þetta ákvæði er óbreytt tekið upp í félagslögin með heimild í 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá verður krafa stefnanda um upptöku í félagið ekki tekin til greina, enda eru hagsmunir stefnanda á engan hátt skertir með þessari niðurstöðu þar eð hann getur notið fullra vinnuréttinda, með því að vera aðeins meðlimur í Verkamannafélagi Akureyrar.
